

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1965

20. janúar 1965.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 85. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar mánudaginn 1. febrúar 1965, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

22. janúar 1965.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 22. janúar 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

11. febrúar 1965.

Nr. 3.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 11. febrúar 1965.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

A 1